



Íþróttá- og menningarnefnd

Stjórnskipuleg staða

Nefndin heyrir beint undir bæjarstjórn. Menningar- og frístundafulltrúi starfar með nefndinni.

Eftirfarandi stofnanir starfa á verksviði nefndarinnar: Félagsmiðstöðvar, íþróttahús, sundlaugar, íþróttavellir, bókasöfn og önnur íþróttá-, æskulýðs- og menningarmannvirki.

Skipan nefndarinnar

Í íþróttá- og menningarnefnd eiga sæti fimm fulltrúar sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum, samkvæmt ákvæðum *sveitarstjórnarlaga, íþróttalaga, laga um æskulýðsmál, laga um allmenningsbókasöfn, þjóðminjalaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Árborgar*. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara. Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar en á fyrsta fundi sínum kýs nefndin varaformann og ritara. Auk kjörinna nefndarmanna og menningar- og frístundafulltrúa á framkvæmdastjóri sveitarfélagsins rétt á að sitja fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt.

Hlutverk

Hlutverk nefndarinnar er:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar um nýtingu og rekstur félagsmiðstöðva, íþróttamannvirkja og bókasafna sem og um forvarnir, skipulagt frístundastarf og safna- og menningarmál í sveitarfélaginu;
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í málaflokkunum;
- að vinna með menningar- og frístundafulltrúa að skipulagningu starfseminnar og gera tillögur til úrbóta ef þurfa þykir;
- að gera tillögu til bæjarráðs að gjaldskrár fyrir þjónustu þeirra stofnana sem starfa á verksviði nefndarinnar;
- að úthluta styrkjum til íþróttá-, tómsunda-, forvarna- og menningarmála samkvæmt fjárheimildum sem nefndinni eru veittar í fjárhagsáætlun. Nefndin setur reglur um úthlutun styrkjanna;
- að standa að kynningu á ofangreindri starfsemi á vegum sveitarfélagsins og þeirri aðstöðu sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða meðal íbúa sveitarfélagsins sem annarra;
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í þessum málaflokkum nái fram að ganga;
- að vera tengiliður við hin ýmsu félagasamtök er vinna að þessum málum og leitast við að samræma störf þeirra á þann veg að ekki skapist óeðlileg samkeppni;
- að vinna önnur þau verkefni er bæjarstjórn felur nefndinni og falla að starfssviði hennar.



Nefndin skal hafa faglega umsjón með starfsemi í þessum málaflokkum og hafa eftirlit með því að starfið sé innan ramma laga og samþykkt á hverjum tíma.

Nefndin gerir tillögur til bæjarstjórnar um starfsreglur fyrir forstöðumenn og aðra starfsmenn þeirra stofnana sem starfa á málavíði hennar.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í *samþykktum um stjórn og fundarsköp Árborgar* og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Íþrótt- og menningarnefnd kemur saman fyrir luktum dyrum á ákveðnum fundartíma. Skal nefndin gera samþykkt um fundartíma á fyrsta fundi sínum að höfðu samráði við menningar- og frístundafulltrúa. Nefndinni er heimilt að halda opna kynningar- og/eða samráðsfundi um tiltekin mál en skipaðir nefndarmenn hafa einir atkvæðisrétt um afgreiðslu máls.

Nefndin skal halda gerðabók og skal færa fundargerðir í gerðabókina. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Heimilt er að færa fundargerð nefndarinnar beint í tölvu, samanber samþykkt um stjórn og fundarsköp Árborgar. Menningar- og frístundafulltrúi hefur umsjón með ritvinnslu fundargerðar og sér um að fundarmönnum sé sent afrit af fundargerð nefndarinnar.

Nefndarformaður sér um boðun funda í samráði við menningar- og frístundafulltrúa. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent nefndarmönnum og öðrum, sem seturétt hafa á fundum, eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Nefndarformaður stýrir fundum nefndarinnar samkvæmt ákvæðum *samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins*.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Eftirfylgni

Nefndarformaður og aðrir nefndarmenn skulu snúa sér til menningar- og frístundafulltrúa með eftirfylgni staðfesta samþykkt nefndarinnar. Þurfi frekari eftirfylgni við snúa fulltrúar sér til framkvæmdastjóra sveitarfélagsins.

Réttindi og skyldur fulltrúa

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði *sveitarstjórnarlaga* og *samþykktar um stjórn og fundarsköp Árborgar*.



Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann nefndarinnar eða menningar- og frístundafulltrúa vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til nefndarformanns eða menningar- og frístundafulltrúa a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við nefndarstörf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og *samþykktum um stjórn og fundarsköp Árborgar* í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls, lögum eða samþykkt 2/3 nefndarmanna, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venlamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem gilda um starfssvið hennar, sérstaklega þó lögum sem gilda hverju sinni um íþróttá-, forvarna-, æskulýðs-, safna og menningarmál. Þá skal nefndin fylgja sveitarstjórnarlögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Árborgar eins og þau eru hverju sinni.

Með samþykkt erindisbréfs þessa eru felld úr gildi erindisbréf íþróttá- og tómsfundanefndar og menningarnefndar frá 10. nóvember 2010.

Samþykkt í bæjarstjórn Árborgar 20. febrúar 2013

Ásta Stefánsdóttir,
framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar